

PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

III. HLUTI

Helstu tegundir verðbréfa, afleiður og gjaldeyrir

Prófnúmer próftaka:

Námsgrein til prófs: Helstu tegundir verðbréfa, afleiður og gjaldeyrir 20%

ATH. Prófið er þrískipt: Helstu tegundir verðbréfa skuldabréf (40%), Helstu tegundir verðbréfa hlutabréf (40%), Helstu tegundir verðbréfa afleiður og gjaldeyrir (20%)

Prófdagur: 2. maí 2012 Kl.: 16:00 til 20:00

Próftími alls: 4 klst.

Prófblöð
vegna þessa
hluta
prófsins,
þmt. forsíða): 3

Leyfileg hjálpargögn: Öll gögn leyfileg, þ.m.t. reiknivélar sem hafa textaminni og/eða er hægt að forrita. Fartölvunotkun óheimil.

Fylgiblöð:

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar og farðu vandlega yfir úrlausnir áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvisvar á prófstað, á fyrstu og síðustu klukkustund próftíma. Með prófstað er átt við auglýstan prófstað verðbréfavíðskiptaprófs.

Ef prófið fer fram í tölvuveri er úrlausnum skilað á rafrænu formi.

Ef prófi er skilað í Excel forriti skal sýna alla útreikninga og lita þá Excel-reiti sem innihalda svör gula.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ÖLL PRÓFBLÖÐ OG ALLAR PRÓFARKIR SKAL SKILMERKILEGA AUÐKENNA MEÐ PRÓFNÚMERI.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.GANGI ÞÉR VEL.

1. Stundargengi á markaði er eftirfarandi:

$$\text{USD/JPY} = 81,3105 \quad \text{EUR/USD} = 1,3150$$

Fimm mánaða vextir á markaði eru eftirfarandi (samfelldir vextir á ársgrundvelli)

$$\text{EUR} = 1,25\%, \text{JPY} 0,075\%, \text{USD} = 0,85\%$$

Hvert er framvirkt gengi EUR/JPY til 5 mánaða ef engin högnunartækifæri eru á markaði?

[3%]

2. Fyrirtæki gerði vaxtaskiptasamning (e. swap) við bankann sinn fyrir nokkru. Fyrirtækið greiðir fljótandi 6 mánaða vexti en fær frá bankanum sínum fasta 5% vexti (greiddir árlega). Höfuðstóllinn er 100m. kr. Síðast þegar breytilegir vextir voru ákvarðaðir voru þeir 7,5%. Núna eru 16 mánuðir eftir af samningnum og fyrirtækið vill losa sig úr samningnum. Hver greiðir hverjum hvað ? [4%]

eingreiðsluvextir eru:

$$r_{2/12} = 7,5\%; r_{4/12} = 7,5\%; r_{8/12} = 8\%; r_{12/12} = 8,5\%; r_{16/12} = 8,5\%$$

3. Í dag eru 2 mánuðir síðan íslenskt sjávarútvegsfyrirtæki gerði framvirkan á samning á EUR/ISK til að verjast styrkingu krónunnar. Framvirka gengið í samningnum var 180 kr fyrir hverja evru. Nú er 1 mánuður eftir af samningi. Samfelldir áhættulausir vextir til 3 mánaða voru 0,5% í EUR og 5,5% í krónum. Samfelldir áhættulausir vextir til 1 mánaðar eru 0,75% í EUR og 6% í krónum. Stundargengi EUR/ISK er 187 í dag. Reiknið út virði samningsins í milljónum króna fyrir fyrirtækið. [3%]

4. 100 Hlutabréf í A Banka eru til sölu fyrir 150 krónur. Fjárfestum býðst að kaupa sölurétt eða kauprétt á A Banka til 3 mánaða. Valréttirnir eru evrópskir og kostar kauprétturinn 1,7 kr pr. hlut og sölurétturinn 2,5 kr. pr. hlut. Hvert er fræðilegt samningsgengi valréttanna? [2%]

5. Gerum ráð fyrir að verð hlutabréfs sem greiðir arð sé núna 100. Þú ætlar að selja hlutabréfið eftir 250 daga. Til þess að verjast hugsanlegri lækkun yfir tímabilið þá gerir þú framvirkan samning á hlutabréfið til 250 daga. Áhættulausir vextir eru 9,5% fyrir öll tímabil. Á næstu 250 dögum verður greiddur arður samkvæmt eftirfarandi :

Dagar í arðgreiðslu	Arðgreiðsla per hlut
60	1,50
120	1,50

Á gjalddaga er verðið á hlutabréfunum 95. Reiknið virðið á framvirka samningnum á gjalddaga. [2%]

6. Hver er samanlagður hagnaður á hvern hlut á gjalddaga af eftirfarandi stöðum?
(Gerið ráð fyrir að kaup- og söluverð valréttta miðist við gjalddaga og stöður m.v. 1 hlut í hverju hlutabréfi) [2%]
- Þú kaupir kauprétt með samningsverð \$100 sem kostar \$4. Stundargengi á gjalddaga er \$106
 - Þú kaupir söluvétt með samningsverð \$30 sem kostar \$5. Stundargengið á gjalddaga er \$25
 - Þú seldir kauprétt með samningsverð \$50 og færð greitt \$2. Stundargengi á gjalddaga er \$53.
 - Þú tókst skortstöðu í framvirkum samningi með samningsverð \$90. Stundargengi á gjalddaga er \$87
7. Svarið eftirfarandi fullyrðingum rétt eða rangt (ekki er dregið frá fyrir rangt svar) Vægi sérhverrar fullyrðingar er 0,5% [4%]

	Fullyrðing	Rétt	Rangt
1	Mynd 1 má búa til með því að kaupa söluvétt með samningsgengi X og selja söluvétt með samningsgengi Y, þ.a. Y stærra en X		
2	Mynd 1 má búa til með því að kaupa söluvétt með samningsgengi X og kaupa kauprétt með samningsgengi Y, þ.a. Y stærra en X		
3	Amerískan kauprétt (e. American call) má nýta hvenær sem er á líftíma samnings .		
4	Venjan er að engir peningar skipti um hendur þegar framvirkur samningur er gerður, þ.e. framvirka verðið er valið þannig að samningurinn hafi núvirðið 0.		
5	Mynd 2 er langur söluvéttur. Kaupir söluvétt og átt því rétt á að kaupa ákveðið magn af undirliggjandi á fyrirfram ákveðnu gengi á fyrirfram ákveðnum tíma		
6	Pund er grunnmynt gagnvart dollara og pundi. Evra er grunnmynt gagnvart dollara.		

